

Sp. 435. Tillaga til þingsályktunar [206. mál]

um ráðstafanir til að koma í veg fyrir atvinnuleysi og búseturöskun í Norður-Þingeyjarsýslu.

Flm.: Kristján Ármannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir alvarlegt atvinnuleysi og frekari búseturöskun í Norður-Þingeyjarsýslu á þessu ári.

Greinargerð.

Ástæðurnar fyrir flutningi þessarar þingsályktunartillögu eru m.a.:

1. Það alvarlega ástand sem skapast hefur í vesturhluta sýslunnar vegna undan-genginna náttúruhamfara.
2. Grundvöllur hefðbundinnar útgerðar frá Þórshöfn brostinn, á sama tíma sem nýtt og fullkomið frystihús stendur tilbúið til notkunar.
3. Yfirvofandi rekstrarstöðvun togaraútgerðar á Raufarhöfn, en hún er undirstaða atvinnulífs staðarins.
4. Brýn nauðsyn fyrirgreiðslu til þeirra ungu bænda í Hólsfjallabyggð sem þar hyggja á fasta búsetu. En hættu er á að þeim snúist hugur, verði dráttur þar á. Og er þá e.t.v. skammt að bíða algjörar eyðingar byggðar í Fjallahreppi.
5. Dráttur sá sem orðið hefur á framkvæmd þingsályktunar Alþingis frá árinu 1972 um gerð sérstakrar byggðaþróunaráætlunar fyrir Norður-Þingeyjarsýslu.